

Nd.

496. Nefndarálit

[149. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt málið og fengið um það umsagnir Félags sérleyfishafa og Skipulagsnefndar fólksflutninga, og fylgja þær nefndaráliti meiri hlutans.

Helzti tilgangur frumvarpsins virðist vera sá að tryggja það, að ekki aðeins áætlunarferðir verði bundnar sérleyfi frá ríkisstjórninni, heldur og hvers konar hópferðir á fólksflutningabifreiðum, sem taka fleiri farþega en átta. Í frv. er gert ráð fyrir, að binda megi sérleyfi ýmsum skilyrðum, m. a. því, að sérleyfishafi sé skuldbundinn til að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar hafa verið áður til rekstrar á sérleyfisleiðinni og teljast nauðsynlegar og henta viðkomandi rekstri. Einnig er m. a. lagt til, að binda megi réttindi til hópferðaaksturs því skilyrði, að réttihafi skuldbindi sig til að hafa bifreiðar sínar á afgreiðslustöðvum, sem Skipulagsnefnd fólksflutninga samþykkir.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur því, að binda megi sérleyfi ofangreindum skilyrðum. Mjög óeðlilegt virðist að binda útgáfu sérleyfis við eigendaskipti á bifreiðum og fasteignum, enda geta slíkar eignir verið í mismunandi góðu ástandi, þegar nýr sérleyfishafi tekur við. Einnig virðist ástæðulaust að keppa að því, að allar hópferðir, sem farnar eru í landinu og falla undir ákvæði laganna, séu einungis farnar frá ákveðnum afgreiðslustöðvum, þótt hins vegar sé nauðsynlegt, að fastar ferðir og áætlunarferðir séu bundnar við slíkar stöðvar.

Í þriðja lagi telur minni hluti nefndarinnar fráleitt, að hópferðaréttihafar séu tvískattlagðir, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins, 2. málsg.

Þar sem önnur nýmæli frumvarpsins skipta ekki jafnmiklu máli og þau ákvæði, sem hér hafa verið nefnd og gagnrýnd, getur minni hluti samgöngumálanefndar ekki fallizt á samþykkt frumvarpsins nema með svofelldum

#### BREYTINGUM:

1. Stafliður h. í 2. gr. falli niður.
2. Stafliður c. í 2. gr. falli niður.
3. Önnur málsgrein 3. gr., sem hefst á orðunum „Hópferðaréttindahafar skulu auk sérleyfisgjaldsins greiða árlegt gjald ....“ falli niður.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Ragnar Arnalds,            Sigurvin Einarsson.  
frsm.